

Ed.

429. Frumvarp til laga

[230. mál]

um Iðnþróunarstofnum Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Iðnþróunarstofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Markmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun. Verkefni Iðnþróunarstofnunar Íslands eru m. a. eftirfarandi:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða.
2. Að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna.
3. Að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni.
4. Að stuðla að eflingu nýrra iðngreina og fjölþættara atvinnulífi til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðju á grundvelli hagnýtingar orkulinda landsins.
5. Að kynna nýjungar í iðnaði og annast ráðgjafastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, t. d. með rekstri bóka- og kvikmyndasafns og útgáfu fræðslurita og tímarits og leiðbeininga- og kynningastarfsemi fyrir hönnun iðnvarnings.
6. Að annast námskeiða- og fyrirlestrahald um tæknileg og rekstrarfræðileg efni og stuðla að endurbótum á fræðslustarfsemi í þágu iðnaðarins í samvinnu við starfandi menntastofnanir og aðra, sem vinna að slíkum málum.
7. Að sjá um skipulagningu, stjórn og framkvæmd stöðlunarmála.
8. Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar nefnist Iðnþróunarráð og er skipuð af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann í Iðnþróunarráð:

Alþýðusamband Íslands,
Efnahagsstofnunin,
Félag islenzkra iðnrekenda,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Háskóli Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnlánasjóður,
Iðnþróunarsjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband islenzkra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands,
Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar úr hópi Iðnþróunarráðsmanna fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára, sem annast í umboði ráðsins meðferð þeirra mála, sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti. Ef stjórnarmaður forfallast, skipar ráðherra annan í hans stað. Ráðherra ákveður laun framkvæmdastjórnar.

Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki framkvæmdastjórnar.

5. gr.

Iðnþróunarráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín.

6. gr.

Reksturskostnaður Iðnþróunarstofnunar Íslands greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 4 frá 1. marz 1962 um Iðnaðarmálastofnun Íslands, enda tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi, eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 15. janúar 1971, skipaði iðnaðarráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp að nýrri löggjöf um Iðnaðarmálastofnun Íslands og fella inn í hana ákvæði um Iðnþróunarráð, sem jafnframt yrði stjórn stofnunarinnar. Í nefndina voru skipaðir:

Bragi Hannesson, bankastjóri, formaður,
Pétur Pétursson, forstjóri Álafoss h.f., og
Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri IMSÍ.

Nefndin byggði starf sitt á gögnum, sem fyrir lágu hjá iðnaðarráðuneyti og Iðnaðarmálastofnun Íslands og umræðum, er átt höfðu sér stað í Iðnþróunarráði um framtíðarskipan Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Fullt samkomulag varð í nefndinni um markmið stofnunarinnar og skipulag.

Eins og fram kemur hér á undan er til þess ætlazt, að Iðnþróunarráð verði stjórn stofnunarinnar. Iðnþróunarráð var skipað af iðnaðarráðherra í janúar 1967, en hann er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar tilnefndu mann í ráðið:

Efnahagsstofnunin,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Framkvæmdasjóður Íslands,
Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Iðnlánasjóður,
Landssamband iðnaðarmanna,
Samband íslenskra samvinnufélaga,
Seðlabanki Íslands.

Iðnþróunarráð tók við af stóriðjunefnd, en jafnframt var markmið þess gert viðtækara, þar sem það var iðnaðarráðherra til ráðuneytis um iðnþróunarmálefni og stefnumótun í iðnaðarmálum.

Fyrirliggjandi eru mikil verkefni á sviði iðnþróunarmála hér á landi á næstu árum. Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO) hefur heitið tæknilegri aðstoð í þessum efnum og hefur iðnaðarráðherra ákveðið, að Iðnaðarmálastofnun Íslands annist framkvæmd þessara mála í samvinnu við ráðuneytið. Er því auðséð, að starfsemi stofnunarinnar hlýtur að mótast af þessum verkefnum á næstunni, jafnframt því sem Iðnþróunarráð hlýtur um þau að fjalla. Þetta er ein af ástæðum þess, að rétt er talið, að Iðnþróunarráð sé gert að stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, en jafnframt sé nafni stofnunarinnar breytt í Iðnþróunarstofnun Íslands. Við þessa breytingu er nauðsynlegt, að í Iðnþróunarráð komi fulltrúar ýmissa stofnana og félagssamtaka, sem hafa tvímælaust áhrif á þróun iðnaðar í landinu. Áður eru taldir þeir aðilar, sem tilnefndu fulltrúa í Iðnþróunarráð. Lagt er til, að auk þeirra tilnefni eftirtalin félagssamtök og stofnanir menn í ráðið:

Alþýðusamband Íslands,
Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins,
Háskóli Íslands,
Iðnaðarráðuneyti,
Iðnþróunarsjóður,
Landsvirkjun,
Orkustofnun,
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Rannsóknastofnun iðnaðarins,
Samband iðnskóla á Íslandi,
Tækniskóli Íslands,
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins,
Verzlunarráð Íslands,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Með þessari skipan Iðnþróunarráðs, þar sem fulltrúar eru frá félagssamtökum, fjárfestingalánasjóðum, rannsóknar-, fræðslu-, útflutnings-, orku- og efnahagsstofnunum, ásamt iðnaðarráðuneyti og iðnaðarráðherra, sem yrði formaður ráðsins, þá er ótvírætt kominn áhrifamikill aðili, bæði til mótunar stefnu í iðnaðarmálum og framkvæmdar hennar.

Þar sem Iðnþróunarráð yrði skipað 23 ráðsmönnum þykir nauðsynlegt, að ráðherra skipi Iðnþróunarstofnuninni fimm manna framkvæmdastjórn til fjögurra ára í senn, sem annist meðferð þeirra mála, er stofnunin vinnur að á hverjum tíma, ásamt framkvæmdastjóra hennar.

Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur unnið mikið og gott starf fyrir hinn unga og ört vaxandi iðnað landsmanna. Nægir þar að benda á námskeið til menntunar hagræðingarmanna og verkstjóra, stöðlunarstarfsemi, rekstur tæknilegs filmu- og bókasafns og milligöngu um komu tæknimenntaðra manna til landsins til athugunar á ákveðnum iðnaðarmálum. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun starfsgrundvöllur Iðnaðarmálastofnunarinnar, sem þá nefnist Iðnþróunarstofnun Íslands, verða treystur og gerður áhrifaríkari til eflingar iðnaði og iðnþróun á Íslandi.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nafn stofnunarinnar verði Iðnþróunarstofnun Íslands.

Um 2. gr.

Höfuðmarkmið Iðnþróunarstofnunar Íslands er að efla íslenzkan iðnað og iðnþróun. Að þessu vinnur stofnunin á eftirfarandi hátt:

- a) Með því að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem iðnað varða. Með þessu er verið að treysta samvinnu löggjafar- og framkvæmdavalds við stofnunina.
- b) Með því að efla samvinnu stofnana og félagssamtaka, sem að iðnaðarmálum vinna. Undir þetta fellur m. a. gagnkvæm upplýsingamiðlun innan Iðnþróunarráðs, þar sem hinar ýmsu stofnanir og félagssamtök greina frá starfsemi sinni.
- c) Með því að stuðla að rannsóknum í iðnaði til aukinnar framleiðni og eflingar nýrra atvinnugreina á sviði iðnaðar. Þarna er fram haldið starfsemi Iðnaðarmálastofnunar í framleiðnimálum til hagsbótar núverandi iðnaði, jafnframt því sem athuganir verði gerðar á nýjum atvinnugreinum. Benda má á það mikla hagræði, sem fjárfestingasjóðir iðnaðarins munu geta haft af þessum þætti í starfsemi stofnunarinnar í sambandi við hvers konar áætlanagerð.
- d) Með því að vera vettvangur umræðna um fjölþættara atvinnulíf til atvinnuöryggis, þar á meðal stóriðjumál og hagnýtingu orkulinda landsins.
- e) Með því að fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, sem iðnað stunda og við vörudreifingu fást leiðbeiningar, sem miði að auknum afköstum, verknytingu og vöruvöndun, m. a. um vélar, húsakynni, viunutilhögun og meðferð hráefna.
- f) Með því að vinna að aukinni þekkingu á tæknilegum og rekstrarfræðilegum efnum í samvinnu við starfandi menntastofnanir á þessu sviði.
- g) Með því að annast stjórn, skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.
- h) Með því að vinna að öðrum málum, sem iðnþróun varða eftir ákvörðun Iðnþróunarráðs hverju sinni.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í greininni er Iðnþróunarráð gert að stjórn stofnunarinnar. Aðilar þeir, sem tilnefndu menn í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, verða áfram með fulltrúa í Iðnþróunarráði, nema Iðnsveinaráð A. S. Í., sem hætt mun vera starfsemi sinni. Eðlilegt er því, að Alþýðusamband Íslands tilnefni iðnsvein af sinni

hálfu í Iðnþróunarráð. Gert er ráð fyrir, að stjórnir viðkomandi stofnana og félags-
samtaka tilnefni menn í Iðnþróunarráð, en framkvæmdastjórnir, þar sem þær eru,
enda séu þær skipaðar fleiri en einum manni.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5., 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Við samþykkt frumvarps þessa tekur Iðnþróunarstofnun Íslands við starfsemi,
eignum og skuldbindingum Iðnaðarmálastofnunar Íslands.